

Nr. 045 / 013 María SH 179**Tók niðri við Ólafsvík**

Skipaskr.nr. 6792
 Smíðaður: Hafnarfjörður 1986, plast
 Stærð: 5,9 brl. 4,96 bt.
 Mesta lengd: 8,3 m Skráð lengd: 7,88 m
 Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m
 Vél: Volvo Penta 147 kW, 1992
 Fjöldi skipverja: 1



María©Fiskifrétir

Gögn:
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmarí Snorrasyni. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. maí 2013 var María SH 179 á siglingu til hafnar í Ólafsvík. Veður: NA 6 m/sek.

María var að koma af veiðum sunnan Snæfellsness og þegar komið var norður af Rífi var stefnan sett á hvítt ljósdufl norðan brimbrjótsins í Ólafsvík. Þegar skammt var í duflað kom högg á bátinn og taldi skipstjóri að drifbúnaður hefði bilað en hann gat ekki kúplað að skrúfunni. Hann fékk upplýsingar um hvaða bátur væri næstur og kom Krókur SH 97 og dró hann Maríu til Ólafsvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagðist hafa verið að koma „utan af Nesi á leið til Ólafsvíkurhafnar og stefnt á baujuna eins og hann hafi alltaf gert“. Hann taldi sig ekki hafa gætt að drift frá NA vindi enda setti hann siglinguna ekki í kort og vissi því ekki hvort hann hélt haldinni stefnu á siglingunni. Hann sagðist hafa vitað af skerinu en talið sig fara mun norðar og honum því engin hætta búin. Hann sagðist ekki hafa haft nein landmið af því;



- að skipstjóri taldi sig hafa verið á átta til níu hnúta hraða;
- að samkvæmt ferilskráningu sigldi María á rúmum 14 hnúta hraða yfir Reiðarsker og tók niðri á því kl. 17:00, þar sem það var á kafi. Skerið er rétt sunnan við setta stefnu á ljósduflið;
- að flóð var í Ólafsvík kl. 18:09 eða 69 mínútum eftir atvikið og Reiðarsker því á kafi þar sem það kemur ekki upp úr fyrr en verulega hefur fallið út;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa skoðað kortið þegar hann setti stefnuna inn á Ólafsvík. Hann sagði að í bátnum væri Maxsea siglingaforrit með kortagrunni en hann hafi ekki gætt að því í hvaða upplausn hann hafi verið stilltur á. Einnig væri Koden dýptarmælir í bátnum af gerðinni CVS-811C en hann viti ekki til þess að mælirinn bjóði upp á dýpisaðvörun;
- að eftir skoðun á möguleikum sem dýptarmælirinn hefur gefur hann möguleika á valkvæðri dýpisaðvörun en hana þarf að virkja.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er sú að skipstjóri vissi ekki hvar hann var staddur.